bæde ritud og ſiaañleg, a þeſſare ſijdurſtu Hæſka-Tijd, a hverre Gud vardveite ſijn Born naadarſamlega! Menn meiga þad ſorgande vita, ad nær Diofullenn hefur ſvælt einn Syndara til eins Illvirkis, kemur þar ſtundum epter annad og hid þridia, og hyggia ſer ſo ad bæta eina Skoñ med añare nljrre, og verdur ſo, epter Lauſnarans Ordum, hia þeſſum hid ſijdara verra hinu fyrra, Luc. 11. v. 26. Þad var ſtoort Illvirke og hrædelegur Glæpur, ad þvi leite ſem Gydingum vidkom, ad þeir, Guds Sonar eiged Foolk, ſkylldu hneppa hann wt af Vijugardenum og aflijfa hann; Hitt var þo eingu betra, ſem a epter kom, ad þar ſem þeim var yfirbevijſud JEſu Uppriſu Dijrd af þeſſum Vokturum, og kunnu þar ecke i moote ad mæla, ad þeir med ærnum Peningum kaupa ſkylldu af þeim ſonu nærſta Daaheyrelega Lijge, og allum audſiena Uppdiktan, þvi nær Madur ſefur, kañ hañ ecke ad vita hver ſielur þo ſtoled ſie, þvi hefur og þeſſe Ord-Roomur ecke ad Ordſakalauſu vijdfrægur orded; Þad er og lijklegt, ad þeſſer Penningar hafi þeim ecke friolſer vered, helldur eñ Silfur þad ſem Judas vidtook, og aptur til þeirra ſnárade; Þad var og ecke meira ad ſtela þeſſum hverttveggiu Peningum wr Guds Kiſtuñe, helldr enn Æruinne fra Gude, hveria þo er ohægra ad fela helldur enn þad Þioofſtolna, ſo ſem þad og geck þeſſum vondu Lyganna Kaupmoñum. Lær her af, þu ſem elſkar Lygena, og hana giorer þer

ſtund.

ſtundum ad Athvarfe, fyrſt, hvadañ hun kiemur? Þer ſvaraſt: Hun kiemur af Dioflenum, þvi þu munt hafa heyrt þeſs geted, ad hañ ſe Fader Lygeñar, Joh. 8. v. 44. Þetta er nu Grundvollurenn þeſſarar þiñar Iþrottar. I annañ Stad þenktu med þer, ad hvilijkum Manne ad Lygeñ giore þig, hvad miog hun upphefie þig? Hun giorer þig, hvort heldr þu brvkar hana þer til Gamans, til Fegrunar þiña illu Mælefna, eda odrum til Skada og Nidrunar, þa giorer hun þig, ſegie eg, þo þu meiner ad koma þer ſtundum fram med heñe, ad Læreſvein Diofulſins og hanns Barni, og fellur þa ecke Epled langt fra Eykenne. Þu mætt og ſtrax i þridia Mata ſia, hvert þitt Kaup mune vera fyrer þetta Starf? Sem er Deyding Saalar þinnar, Sap. 1. v. 11. Lijt þu nu epter þeſſu ollu ſamañ; So muntu ſia, hvad fagurt þetta þitt Leikfaang ſe med hverju þu hyggur þer þo kañſkie ſtundum ad bæta Hag þiñ, edur ſkiemta þer og odrum. Vara þig, O þu Madur, vid ſoddañ Heliar Odygd, ſem ſo margañ hefur i Olucku leidt, af þeim ſem hana hafa ſer tamed. Lattu ecke hellzur kaupa þig til þeſſa med neinum Fegiofum, nenia þu vilier kaupa Helvijte til Hauda þer; þvi þo Mvtañ glanſe i þijnum Augum, þa ſkylldi þer þo fegre bykia Saal þijn og Æra. Trv mer, ſo ſem þad Upphafed er ſialldañ lijkt Endinguñe, ſo mun þer og ſynaſt Fegurdeñ burt af ſo oflutum Peningum, þegar þig, manſkie aalijka og Judam, velger

vid heim epter ad ſeirna, og huhlij tur heim ad wt-
ſpya, og Gud wrſteiter þad af þijnum Kvide, þo
hvad Madurenn inidurſaner mun hann uppſkiera,
jafnvel þo ei ſe giort Rand fyrer þvi i Upphafe þeſſ-
arar og hollijkrar Kauphondlunar. Læt þu ecke,
ſegi eg enn, Gafur, 5. Moſ. 16. v. 19. ſlætt Tal,
Vinattu, Upphefd, Magt nie Hootaner, edr nock-
urn Hiut annann giora Twngu þijna mattlauſa ed-
ur mallauſa i Saunleikans Opinberan, nær ſem
Þorf og Skyllda krefur, hann i liooſe laata, 5. Moſ.
17. þvi þad er þer engenn Boot, þo þad hende mar-
ga, ſo ſem þad hæger einkis Koſtum i Helvijte, þo
marger pijneſt þar; Eda muntu nockud vilia ſegia
ad þad ſe ecke verra fyrer þig enn adra? Bwſtu vid
þvi, ad ef þu tijdkar ad fiſka i þeſſu Lygiñar Nete,
Act. 5. v. 4. ſem rided er af Andſkotanum, og hætt-
er ecke, þa gefur þad unn ſijder Bolvan og O-
lucku i Avinningenn; Og vinna þo ſumer ſo miked
til þeis Avinnings, ad þeir, lijka ſem þeſſer Vard-
Menn, lwga uppa ſialfa ſig ymſum Skonnum og
Odygdum, þvi ſijdur ad þeir vid adra hlufeſt, og
finna engre Samvitiku, enn Satan lofar þeim
a medann ad giora þa tryggva edur ſrugga, lijka
ſem Hofud-Preſtarner Vardmonnunum. O
þu eilijfe Gud! ſem ert ſialfur Sannleikurenn,
vyrdiſtu med þijnum Sannleiks Anda, Joh. 15.
v. 26. ad geyma oll þijn Born fra Villu og Svi-
kinn Diofullins, og a medal þeirra oll chriſtenn
Þfervolld, ad þau hverke bygge Myrtur, nie odv-

unn

um gefi til ad spilla þar med i nockurn Mæta Riettinum og Sannleikanum, helldur ræke hvertveggia i alla Stadi efter þijnu Bode, hvert helldur giora er um Rijkan edur Fatækan, so alltiid megi fæa Saklausi behalldа Sakleisisins Alykt-an, og Domendurnir mege alltijd med Samuel taka til goodrar Samvitsku, hvad sem hoer vill tala, 1. Sam. 22. v. 3: Aller ver meigum rettilega reiknast Andleger Boku-Menn og Vaktarar yfir Grof vors DOttenns, enn þesse hanns Grof er vort Hiarta: 1. Cor. 3 v. 16. Lijndwkarner, i hverium ver eigum hann ad geyma, er hrein og Omeingud Trw, þvi Christur bijr fyrir hana i vorum Hiortum; Engin stelur honum vr þessu Herbergi, þo han misseſt, nema vor Svefn, vorar elginn Synder og Odygder, þeim meigum ver þar um kienna, og sialfa oss þar fyrir skulda. Vilier þu nu hiæa þer hallda, niijn Hiartkiæra Saal, þijnum Elsku Unust a Jesu, þa mættu ecki sofa med þeim morgu æ þessa heims Kvolldi; Andlegum Dofinnleika verdur þu, fyrir Hialp Dcottinns, fræa þer ad kasta, ef þu villt ecke nissa þin Herra; Pad synist nu sem hann ofri þvi ad vijkia i burt, af þvi ad Menn festa nu Svefninn og hafa fest um Stunder. Hvad sem nu her af vill verda, veit Gud. O mijn Saal! I Guds Nafne vak þu og tak Vara æ þijnum Herra, þvi her er um einga Smæa-Rune ad tebla, so mun þer vyrdast æ þvi sijdasta Allsheriar Þynge.

Vak þu i Daglegum Tærum, ſannre Ydran, og heitre Hiartans Bæn; Bid Gud ad veita þer Hiaſtod og fulltijngi, þvi can hanns formættu eckert Gott ad giora, og þar sem ſynaſt mæa, ad Lijk-Bondinn ſcu allareidu logd æ þeñañ Heim, hefur þu Ordſok ſtyniande (med Drofuñe) ſo ad andvarpa ſñ Simeon: Nu lætt þu Drotteñ þiñ Þioon i Fride fara, Luc. 2. v. 29. Og vilie Jeſus enn teigia Tijmañ, ſo ad þu ſiæer Fiorbrot Veralldariñar, i hverium ad allt uñ Koll keyreſt, ſo hallt þu þer þo vid þinn JEſum, þad'mæa gylda hvad gylda vill, Lijf edur Dauda, hann vill þa allri Beiſkiu i bleſſadañ Sætleik ſnwa, burthrinda ollu Diofulſins Vardhalldi, og afvenda allre Olucku.

Minn goode Jeſu! eg veit ad ſonnu, ad eg æ ad vera eiñ Vaktari þinnar Grafar, og eiñ af þm minſtu Voku-Moñum þijns Vijngards, aumur og overdugur: J hverutveggiu er eg nærſta ſvefnugur, doſinn og ſofandi, ſo mer hæfir Blygdan mijns Andlitis; Enn væg þu mer, goode Gud, og haf Medaumkan med mijnum Veikleika, eptir þiñi ſtooru Myſkunſemi, hver ed hylie og mer fyrergeſe mijn Afbrot, og vaki ſo þitt Verndar-Auga, ſem hverki ſefur ne ſiſiar, yfir mer og ollum þijnum Bornum, Pſalm. 121. v. 4. Amen.

16. Capitule.

Uñ Utgaungn Kæriſveinaña til Emaus.

ENN epter þad, þa er tveir af þeim Ferduduſt, epinberadi Jeſus ſig þeim i añarlegri Liſkingu, þa er þeir geingu uñ Porpa-Grundernar. Þviad ſian þu, ad tveir af þeim gengu þañ ſama Dag til nockurs Kauptuns, þad ed var fra Jeruſalem ſextyge Skeida-rwm ad Naſne Emaus, og þeir tolndu ſiju a mille, uñ alla þa Hluti ſiñ vid hefdu borid.

SE þad þijn Hiartans Gyrnd og Epterlanga an, minn Sal, ad na Funde þijns aaſtrijka Brwdguma Jeſu Chriſti, þa verdur þu ad ſegia lauſt vid þeñañ Heim, og ſkilia þig fra Selſkap Ogudlegra Maña og giora þad af fullri Alvoru, ecke med Ordi einaſta, helldr med Verki og Sañleika, þvi alltijd hefur þu illt af Verolldiñe, hun er fordiorfud i Gyrndum Villudoomſins, þvi Satan er heñar Hofdinge, eptir hvers Pijpu hun danſar, þegar hun bijdur þer Fadmiñ, og lætur ſiñ blijdaſt, þa hefr hun Dalilæ Hiarta, fullt Svika og ymiſlegra Flærda; þa vard Samſon hid fyrſta fanginn, er hañ lag i Fangi þeirrar ſvikſemu Hooru, hverin hañ elſkadi, Jud. 16. v. 19. So ſñ nu þeſſe Hoora var, ſo mattu lijſa epter Ver

olldiñi

olldiñe; Þu ſkylder þvi taka ſterkann Vara a þer, og varaſt Svikiñ. Þo þu nu verdir ad uñgangaſt i Heime þeſſum, 1.Cor. 5.v.10. medañ þu fær ecki ad kvittaſt vid Lijkhama þeſſa Dauda, Rom.7.v.24. (Hvor Dvol, þo ſart mæde margra Gudhræddra Manna Hugſkot, ſem verda i Flocke Rænglætra ad flækiaſi ſem Loth i Sodoma); þa ſiæ þu til, ad ei ſamlager þu þig Ofriooſſomum Verkum Myrkraña, Eph. 5. v. 11. Edur illre Breitne Gudlauſra Hyrduleyſingia, ad ei verdir þu Hluttakare Glæpa þeirra, og ſijdañ eiñig med þeim Straffſins og Oluckuñar. Giæt þu, mijn Sæl, i Añañ Stad, hvert þu ætt ad ſtefna, ef þu villt finna Jeſum; Þeſſer Lærijſveinar hugdu ſer ad fara til Emaus, hvert Kauptun lærder Menn hallda ſitt Nafn teked hafe af Vatne, af þvi ſæ Stadur var allavega Vatnum uñgyrdtur, og var eitt ſruggt Vijgi fyrir þæ er flija villdu, ef bræd Offookn bar ad Hendum. Vort Lijf i þeſſum Heime er ein Hrakningsfull Vegferdar-Reiſa, æ hverri marger mædaſt þvnglega: Sw Harma-Klogun er bæde Forn og Ny. Jacob giorir þvi retta Yfirſkrift þeſſarar Reiſu ſegiande: Fæir og illir eru mijnir Vegferdar-Dagar. Gen.47.v.9. Og David ſeger: Eg em Geſtur og framandi æ Jordu ñe, Pſ. 119.v. 19. Þeſſarar Reiſu verdur þo goodur Ender fyrer ollum þeim, ſem Stefnu hallda til þeſs himneſka Emaus med Huga og Hegdan, þvi þar er þad retta faſta

Slot

Slot og Frij-Stadur, i hverium Ohulter blij-
fa þeir sem þangad komast fyrer ollum Ovina
Arasum, og enginn Pijna snerter framar Drott-
ens Utvallda, þar eru Straumar lifandi Vatns
framfliootande af Stoole Lambsins, Apoc. 22. v.
1. med ylmandi og eilijfri Sætleiks Svolun: Jñ
til þess Slots flijr Hiartad og Hugureñ, nær hañ
mædest af þessa Heims Eynd og Hormuna, og ym-
sar Ovina Arasser ædynia, og þad er su Andlega
Vegferdar-Reisa, eñ hin fullkomna kemur æ ep-
tir. O Drottenn! veit þu mer þijna Nad og
Fulltijngi til þess eg stadnæmest ecke i Nade O-
gudlegra, helldur burtvijke fra þeim vonda Sel-
skap, og hafi eckert Hlutskipti med þm, og nær mijn
Vegferdar-Reisa er æ Enda kliad, þa gled þu
mig i þijnu eilijfa Dijrdar-Rijki. I þridia Maata,
hugleid þu mijn Sæl, hver og hvilijk þu skallt ve-
ra ef þu hyggur þer ad finna Jesum. Þesser Rey-
su-Meñ voru Jesu egen Læresveinar, og þeir so-
mu voru hriggver og harmandi. Þu mætt og
mijn Sæl vera Jesu Læriſveinn, annars verdur
Bid æ Fundenum, þu mætt vera þad, segi eg,
i Sannleika eñ ecki eintomu Nafne, med hvert
marger vilia nu læta ser duga: Þu ert þad i Sañ-
leika, ef þu elskar Jesum mest allra Hluta, og vird-
er allt Breck hiæ honum, Phil. 3. v. 8. Ef so er,
þa elskar þu og hañs Ord, vtbreider þad og med
kenner, lætur þer stioorna af honum, og lynda ser
hvad sem hañ læte vera. Jesus gefe stutta og skijra

Uto

Utſkijring her yfir og ſeger ; þer erud mijner Vinер eſ þer giored þad eg bijd ydur, Joh. 15. v. 14. Her ad ſkalltu leggia alla Krapta, minn Sal, medañ Lijfed endiſt; hañs Bod hefur þu, hañs Bod ſkalltu eiñeñ geyma; þad er, ſtunda þad ſem þau biooda, hata, flija og fordaſt þad þau baña, og veria ollu þvi Punde ſem þiñ Jeſus hefur þer i Hendur feinged, þeſſum þijnum Unnuſta til Þocknunar og Aviñings i alla ſtade, og ad ollum Tijmum : ſo Elſkar þu Jeſum, og ſo ertu hañs Vinur. Eñ framar ; ſe þetta þijn Hiartans Gyrnd og Aſtundan bæde Hædt og i Hlioode, þa er þad eitt Merke þar til, ad þu talar þa ecke einaſta vid Jeſum i þijnum Bænum, helldur ræder þu og uñ hañ vid adra, vijdfrægir hañs Nafn, og vtbreider hañs Lofſtijr med þinni Twngu, þvi þad er heñi tamaſt ſem Hiartanu er kiæraſt, þu læra þer þa og eiñiñ lynda hañs Kroſs, og hañs Ok verdur þer ſætt og elſkulegt, þvi triggver Meñ plaga ad lijda Liwſt og Leidt mz ſijnum Aſtvin. Lijt nu til, og ſkoda grant hvad þa kuñer ad ſiæa af þeſſu, og þvilijku i Heiminnum. Er nu ecki Kroſseñ Chriſti hatadur ad þeſſare Tijd? Eru ecke hañs Bod logd til Sijdu? Eru ecke optaſt Veralldleger Hluter ad Tungunne? Hvar er Hoogværd? Hvar er Lijtelæte? Ad ſlijku ſkallt þu huga, og þvi Athugalauſare og verre ſem Heimurenn gioreſt nu, þvi meire Upporvan ſkal þad giora þer i Aſtundan ſannrar Gudhrædſlu, og meige brijna deigt Jarn ſo þad

bijti

bijte, so vere slijkt þer ein Skierping, vilier þu añars ecke verda Heimenum samferda ofann til Sodoma og þadañ i Elldeñ sem alldrei uppbreñur.

O minn goode Gud! gef oss i Jesu Nafne, Styrk þijns H. Anda, so ad ver elskum þig, og stundum af Hiarta þad sem þu hefur oss boded, so vier eigum þig alltijd ad einn nædugann Gud bæde i Lijfe og Dauda, Amen.

17. Capitule.

Uñ þad hverneñ Christur kom i añarlegre Lijkingu til Emaus Reisu-Maña.

OG þad skiede so, þa þeir ræddust vid, og spurdust a sijn a millum ad sialfur JEsus nælægdest þa, og geck jafnframt þeim, enn þeirra Augu voru so halldenn, ad þeir þeckttu hann ecke.

HEr vt af hugleid þu enn, mijn Sæl, elskurijkt Hiartalag þijns Drottens; hañ er alltijd nælægur ollum sann-gudhræddum, og ecke sijst i þeirra Astrijdu og Freistingum, so hañ endurnære þa, og er Styrkur i þeirra Veikleika, hañ vidretter þa veikrwudu, styrker þa vanfæru, huggar þa hrelldu, og hiælpar þeim føllnu a Fætur: Þvi skalltu alldrei efa Hiælpræde og Myskun þijns Guds i nockre Nevd, hñ bæde vill og kañ ollu til besta ad koma. Hañ seger, hvar sem tveir edur

þrijr

þrijr eru til ſamans komner i mijnu Nafne, þar vil eg vera midt ca medal þeirra. Matth. 18. v. 20. Slijkt er good Hugaun fyrer alla þa er ottaſt Drotteñ, enn fyrſt hann er med, hver kann þa ad vera ca moote? Fyrſt hañ verndar, hver kann þa ad granda? Þvi ſem hann geymer, hver kann þvi ad ſtela? Hanns Hond er Ohullt Hyrdſla.

Þeſſer tveir Læreſveinar mattu ſegiaſt ad vera ſem burtvillter Sauder fra Ø Rottenns Sauda Hwſe. Veik Trw uñ Chriſti Uppriſu, og Otte fyrer Araſum rak þeſſe Lomb ca Flootta i hætta Villuſtigu, ſo ef ſa goode Hyrdereñ Jeſus, hefde ecke leitad ad þeſſum tyndu Saudum, mundu þeir hafa hytt Ulfeñ, ſem þeim hefde tortijnt; Eñ hañs Giædſka veik þeim aptur til Sauda-Hwſſens. O Drottenn! Opt hef eg aumur burtvillſt fra þiñe Sauda-Hiord, og viked ca vondañ Glotunar og Glæpa-Stig ymſra Ranglætinga, og nærſta hlijdeñ vered Holldſins og Diofulſins Aeggingum, ſem mer hefde eilijfs Dauda aflad, hefder þu ecke, O HErra! uppleitad mig tijndañ og tapadañ. Luc. 15. v. 6. Og viked ca retta Leid aptur til þiñar Hiardar. Soddañ Myſkun hefr þu margſiñis audſyndt mer o-verduguum, Lijfed mer opt gefed, og allt añad gott ca ea þer ad þacka. Epter ſijna Uppriſu byrteſt JEſus, ecke ollum, helldur alleina ſijnum Læreſveinum, og þeim gudhræddu Kviñum, ſm hañ elſkudu, og epter honum leitudu: þeſſer fengu ad ſia hñ eñ ecke adrer, hañ þecker ſijna

og

og hañ þeckteſt af ſijnum. Joh. 10. v. 14. Hann viſſe Sorg og Hormung þeſſara ſinna Aſtvina, er þeir bæru epter hañ, hañ kom og a' hugga þa epter ſiñe Lofan; Þier hafed nu ad ſoñu Hrygd, eñ eg ſkal ſiꝛa ydur aptur, og ydvart Hiarta ſkal fagna, og þañ Fognud ſkal engeñ af ydur taka. Eñ þeſſa urdu ecke hañs Oviner niootande, er ecke miñtuſt hañs nema til Laſts og Vanvirdu,, og ei villdu af illu læta; Þvi hverneñ kañ ſa ad vænta ſer Jeſu Nalægdar, edur fa hana, er hann þrioſkuſamlega og þralega fra ſer hrekur, med ydrunarlauſu Framhallde Synda og Ranglætis? Ef ſa rettlæte hialpaſt naumlega, hvar mun þa ſa hiñ ſynduge og Omillde byrtaſt? Ef Guds Viner fa ad klaga yfir Sioonar-Miſſer ſijns Herra, ſem hann þo af Hiarta gyrnaſt, hvad vill þa hina ſke, ſem hverke hafa Leit nie Laungun epter honum? Enn hvar Jeſus er vilDungis burt, þar er Diofullenn. Heyr þu Barn mitt! Villtu hafa Jeſum i Filgd med þer, ſo mætt þu endelega locka hann til þiin med H. Tale og gudlegum Munn-Ræd-um, ſem þeſſer Læreſveinar. Klæm og Keſkne, Bloot og Formælingar, Baktal og Brøxle, hrygia og burtfæla hann. Eph. 5. v. 4. Enn inntaka Satan til Herbergis hia þer aptur, og hverſu mun ſoddann Rade vegna nema illa? Dwfurnar hrædaſt Hrafna-Mæled, og Lombenn Ulfſins Hrinur; Eins er og þeſſu vared; Med vondum Muñ-Sofnude rekur þu Drottenn i burtu,

ſamt er þesſe hrædelega Synd so ydkud af nockrum, ad jafnvel Bornenn, sem fyrſt fara ad tala, og adur eñ þau kuña FAÐIR-VOR, eru epter Olldenne fullfær og snidug i Eydum, Nyde, Bloote og Bañe, og rekia so þañig ogudleg Synda-Spor þeirra Satans Erindesreka, er slijkt hafa þeim kiendt og fyrer þeim haft, so vondra Forelldra. 1. Kong. B. 15. v. 3. sem añarra samvitſkulausra Maña og Synda-Prœla, af hverium Gud mun uñ sijder Reikning heimta; Þvi ef sœ mæter þyngu Straffe, sem forsoomar ad leida þessa Smælingia til Jesum, med gœlausre Stundan christelegs Aga og Undervijsunar, þœ mun hinum ei liettbœrara verda; Hygge serhver ad slijku, og vande Verk siñar Kollunar i þessu sem hveriu. vdru, i Guds Nafne; Añars mun Barnanna Sœlna Klogun, sœrt svijda ydar Sœlum. So vondur sem sœ rijke Madur var, þœ villde hann þo ecke sijna Brœdur i Helvijte. Jesu blessadur Bloods-Kraptur vokve, vœge og vardveite oss alla frœ þeim Kvala-Stad! Nær þesser Emaus Reisu-Menn voru œ Ferdeñe hryggver, talande uñ Jesum, kom hann til þeirra i añarlegre Lijkingu. Þo eg gœnge i myrkvum Dal og Daudans Skugga, seger David, þœ hrædest eg enga Olucku, þvi Drotteñ er hiœ mer. Pſ. 23. v. 4. Slijks hafa og gudhrædder Menn alltijd ser ad vœnta, hiœ hverium Jesus er alltijd i Neydenne, hañ brigdar ecke sijn Ord, samt eru þeirra tœra-

full

full Augu opt so sioondspur a soddann Tijm-
um, ad þeir þeckia ecke so fliootlega hanns Nan-
lægd: Og þar fyrer man þar oskialldañ heyra sodd-
an Harma-Klogun: Drotteñ, þvi gengur þu so
fiærlægt og geymer þig a Hornungar-Tijman-
um. Pf. 10. v. 1. Petta er alijka og þa eñ er vil'ts-
ur, og þecker ecke þad sem honum er þo addur kuñ-
ugt. Annars byrteſt Jesus ofs med þreñu moote.

1. Audlega i Ordenu og Sacramentunum: Þar siaum ver hann einasta med Augum Trw-
arennar, enn ecke odruvijse, og þvi maa slykt heita ein hulenn Mynd, epter lijkhamlegre Vijsu.

2. Kiemur hañ til vor i einne framande Mynd, þegar hann sender ofs adskiliannlegann Kross og Mootlæte; Þa þeckium ver hañ opt ecke sem ofs byriar, þvi Vanmattur og Veikleike vor get-
ur þa ecke alltijd komed þvi fyrer sig, ad hañ elske ofs i soddañ Tilfellum, lijka sem Barned kañ ecke fyrr enn sijdar meir, þa þad er komed til Vits og Ara, ad þeckia Fodursins Elsku af Hyrtinguñe.

3. Kiemur Jesus til vor i eigenlegre Mynd, nær hañ kemur med sijna lifande Huggun, bæde andlega til Saalarennar, so og eiñeñ til Lijkham-
ans, med naakvæmum Bæter og Linun eiñar og añarar Eymdar. Pf. 91. v. 15. Þa epter a taka Hiartun vor til ad brenna, edur huxa þañig, þetta hefur mijnum Jesu geinged til ad græta mig, ad hann fenge þvi betra Rwm hia mer med sijna Huggun, eg vil hedann af vid soddañ kannast.

Þu ſæte Herra, kom i þeirre Aſynd til mijn ſem þer þocknaſt, þvi þiñ Tilgaungur er alldrei utañ goodur; Ef þu kemur og ert hiæ mer, hverneñ ſem þu kemur, þa mæa allt verda mer ad goodu, lijka vel mæa þa Helvijte ſnwaſt mer i Himnarijke, þvi hvar þu ert, þar er Himnarijke; ætla þo, ſæte Jeſu, mer ecke meira eñ bored get, Forþenuſtann mijn gierer mig hræddañ: Þo eg vilie þig fegenn eiga, og þer treyſta, þa verd eg ſamt mættvana, ſtander þu fiarlægt, eg vil fegeñ allt lijda med þer, hiæalpa þu mer, og þijn Hiæalp leide mig loksins af þeſſum Harma og Tæra-Vege i eilijſt Epterlæte; Þa ſæ eg fagnande og frijadur af ollum Eymdum og Hæſka þeſſa Heims, lioomande ſem Sool, i þijnum Liooma, þu bleſſada Sool Rettlæteſins, ad ſiæa þijna eigenlega Aſynd, eilijflega þig lofande, AMEN.

18. Capituli.

Uñ Samtal Chriſti vid Læreſveinana a Vegenum.

SEG hann ſagde til þeirra: Hvad er þad fyrer Ræda ſem þid hondled yckar a mille reikande og erud hriggver þar af? Þa ſvarade eiñ, er Cleophas var ad Nafne, og ſagde til hañs: Ert þu alleina ſo framande til Jeruſalem, ad þu veitſt ecke hvad a þeſſum Dogum

um þar iñe giorst hefur? Hañ segir til þeirra: Hvad er þad? Þeir sögdu til hañs: Þad af JEsu af Nazareth, hver ed var Spadooms Madur, mattugur i Verkum og Ordum fyrer Gude og ollu Foolke: Hvernig ad vorer Hofud Prestar selldu hañ i Fyrerdæmingu Daudans og krossfestu hañ. Eñ ver vonudum äd hañ munde endurleysa Israel: Og yfir allt þetta er nu hiñ þridie Dagur i Dag er þetta skede. So og hafa skielfst oss nockrar Kviñur af oss til, þær ed aarla hofdu hia Grafiñe vered, og fundu ecke hañs Lijkhama, komu og sögdu sig eirneñ sied hafa Englaña Siooner, þeir sem fegia hañ lifa; Og nockrer wt af oss gengu til Grafareñar og fundu eins lijka siñ Konurnar hofdu sagt, eñ hañ sau þeir ecke.

Sjñ goodur Lækner gefur ecke Lækninga Medol vid einu Scare, eda Siwkdoom, nema hann fæe ædur ad vita Upphaf og Orsok Sarsins edu. Siwkdoomsins i Ondverdu; Noog eru Smyrsleñ i Gilead hia þeim stoora Læknis Meistara Israels vid ollum Meinsemdum, samt vill hann ad aller openbere ser, med Bæn og ydrande Kvsrtun, Eymder og Vesolld sijna, og serhvad sem angrar a hverium Tiima, ef Boot skal gef-

aſt og Huggun meddeilaſt, ei þad ad hann vite ecke allar vorar Nauder, og hvad oſs þiakar i hvert eitt ſinn; Edur þvi ſkyllde hann ecke vita hvad hann ſiælfur æ oſs leggur? Sem veit oll Ord æ vorre Twngu, oll Verk og Hugſaner Hiartans, Jer. 17. v. 10. So ſeger hann her; Hvad mæder ydur ſo miog? Hvad þreynger ydar Hiarta? Eñ hygg ad, Guds Barn! Þegar Jeſus ſyneſt þer ad læta ſo okunnuglega, þa vill hann læta ſiælfa oſs þeckia vort eiged Iſtoduleyſe, Vantrw og Oþolemmæde med fleyru ſlijku, og tilbwa ſer ſiælfum ſo hiñ hagfelldaſta Amiñingar og Stroffunar Veg til vor, ſo oſs ſiælfer betur þeckium, ydrunſt og giorum Boot, þvi nær ver hofum ſo berlega þeckt vora eigenn Vanvirdu, þa fleigium ver oſs med þvi heitare Tærum ad Jeſu Footum, og mænum Augunum uppæ hañs Myſkun, leggiande Sæl og Lijf honum i Valld, ælijka og græted Barn hegdar ſer vid ſijna Moodur: I einu Orde: Þetta giorer Jeſus, ſo hañ locke til ſijn allt vort Hiarta, og ad þvi giordu, ſundur breſtur eirniñ hanns myſkunar-rijka Hiarta af nækvæmre Vægd og Medaumkan. Jer. 31. v. 20. O Jeſu minn! Opt blygdaſt eg ad ſegia Moñum Mein og Angur mijns Hiarta, eñ þer, þu Elſku Mooder, hveria eg vil hverke, ne fæ neins duled, vil eg hryggur oa þo hræddur ſe, þad opinnbera; Þu giorer vid þad allt, ſem nærſt er þijnu Hiarta: Ale gur þijnar vil eg giarnañ lijda! Ef eg er under þeim

ſarr

sært grantande, þau lætur þu mig ecke lenge Huggunar bijda: Eg er þer fyrer þau Trw, sem þu hefur i mer verkad, samteingdur, so ad hvad mijnu Hiarta þreynger, þad þreynger og þijnu Hiarta, og lætur þu þad ecke lenge Bootalaust. Reyndur veit best soddañ Sanninde skijrast fortelia.

Af Cleophæ Andsvare uppa Drotteñs Spurs-Maal, lære aller Jesu Þioonar sæña Tryggd og Hollustu vid sinn Herra, og þad af sialfs hanns Dæme; Ydur byriar ad vera mættugum i Ordum, med soddañ Rædu, so Amiñingæña sem Huggunæña, er þreyngia ser inn til Hiartans kroptuglega sem tvieggiad Sverd, ad þer æviñed Christo sem fleyrsta, hver epter þeirre Nædd sem honum er gefeñ, ann Afdrattar; Þvi ef þer hygged grant ad, mun ydur Olofande þess Þorf synast nu a Dogum, bæde sialfra ydar og añarra vegna: Þad þarf og endelega ad vera, ad Mættur þesse auglijsest og i Verkunum, so ad þeir, sem þer med hvertveggiu liifa eged, siæe ydur ecke lifande dauda. Apoc. 3. v. 1. Edur þau sömu daudu Verk ydkande, sem þer hardlega straffed og straffa eged a odrum, þvi ef odruvijse er, hvad vill þvi epterfylgia? Añad eñ þad, ad þer vallded þvi, ad Gud og hañs Ord er forsmad, og þer so sialfer ad Maklegleikum vanvirdter: Er þo sw Vanvirda sem eckert, ef oñur kiæme ecke a epter seirna, hverr ar þeir mega vijst vænta, sem i slijku framfara, og nidurbrioota so hrædelega og blygdunarlausleg a

þad med annarre Hendeñe, ſm̃ þeir lœtaſt ſo koſtgiœfilega uppbyggia med añare: Hyggium ad ollum Krijngum-Stœdum fyrre og ſeirne her ad lwtande, ſem þœa fyrer ollum oblindum opnaſt munu. Vorer Hofud-Preſtar og Hofdingiar ſeldu hñ i Fyrerdœmingu Daudans og kroſsfeſtu hañ, ſeger Cleophas. Pilatus kroſsfeſte ad ſoñu Jeſum, eñ þeſſer þreyngdu honum þar til; Sœa ſem eggiar og ſtyrker eiñ til þeſs illa, ſœa ſem, ſege eg, ecke hindrar og afrœdur odrum ſem kañ, þad illa, mun hañ ecke vera lijkt ſekur, ef ecke ſékare, eñ hiner fœvijſu er þad giora? Hvad giorer þad, ad Jeſus og hañs Bod eru nu ſo af morgum foottrodeñ? Andſvar; Þetta ſtrax nefnt er ecke hid miñſta, helldur hellſta Orſok, fyrer utañ þad, ad þar finnaſt marger ſm̃ ſtyrkia eiñ i hañs Ohlutvendne, vegna Beidne þeirrar bolvudu Agyrndar, ſem i ſiœlfum þm̃ rijker: So eru þeir og eirneñ til, ſem giora eiñ og añañ wt til illra Verka, eñ þad þridia ſyneſt nu morgum lijtel Syñd, þo þeir gamne ſer ad añarra Vondſku, eñ ad þegia og leggia ecke til, ſkal nu heita Hoogvœrd og ſtoor Heilagleike: Eñ Sooparner eru hverke ſamañbundner, og þar mz marger Limlitler, og þvi mœa þetta gœnga ſo wt, þar til Soopur þeſs hœrſta fellr yfer alla, edr og burtſoopar olldungis ollu ſoddañ Endeme i ſiñe Reide: O Tijd! O Tijd! Sem nu ſyneſt ad bijda þeſſarar Tijdar.

O þu hœrſte Herra Jeſu! ecki ad eins Selſkapur Gydinga, helldur mijn bloodug Jlſku-

Verk seldu þig i Kvaler og Krossens Dauda. Einusinni er þad noog: O ad eg gjordi ecke slijkt oftar! eg vil; eg vil feginn bæta mig, enn þijn Hialp styrki mig þar til! Þu hefur med þinne Kvol oss alla endrleyst, þar uppa skal sig forlæta, og þvi trwa, ad Synder mijnar munu ecke kunna ad hamla þvi, ad eg nae med þer, minn Herra, Jngaungu i þitt Dijrdar-Rijke; ad fullu sanna eg þad þa, ad þu hafer mig frelsad, nær þu veiter mer Oendanlega Unadsemd Fognud og Glede i þvi eilijfa Fodur-Lande. Cleophas seiger framan, ad Kvinnurnar hafi skielfst þa med sijnu Tali, er þo mætti vera þeim hinn stærste Gledi-Bodskapur, hefdu þeir þann Tijma samannborid þad vid Jesu Fyrer-sagner ædr um sijna Upprisu; En slijks giættu þeir ecke, þeirra Hiarnur og Trwarveike liet þm ecke epter ad sina neinum Gledi Sogum. So geingur þad og einig opt til fyrir oss; Vort angrædt Hiarta kemur ecke alltijd fyrer sig a soddan Tijd rietttre Þeckingu Hlutarins, Esa. 38. v. 11. Þad verdur þa stundum ad Skielfingu, sem annars þienar oss til Huggunar, þvi Holds Skilningurin i Mootlætinu er blindr og hindrar fyrer Trwni, og þeim rettu Skilnings-Augum, 1. Cor. 2 v. 14. Verde þa sagt til eins Krossberara: Þer gengur vel, þvi þu ert Guds Vinur: Þa kemur honum þesse Sanleikur so undarlega fyrer, sem se þad Hardydge og stoort Þorkunarleise, iafnvel þo hann megi vita þessa Bevijsing þar uppa: þesse Hryggd

ſem ſtundleg og lett er, wtvegar ollum þoliñmood-
um Jeſu Kroſsberendum eina eilijfa og yfir allañ
mæta mikla Þijngd Dijrdariñar. 2. Cor. 4. v. 17.
Jea, Mañſins Trw i Hormung Freiſtingaña er
nærſta lijk einu Skipe, ſem hrekſt i ſtoor-Bilgium
og ſterk-Vidre, hveriu þa og þa liggur vid Hvolfe,
eñ ſteypiſt þo ecki olldungis. Þſalm. 107. v. 17. Eñ
þar fyrir ſteipiſt Trwiñ ecki, ad Drottiñ kiemur
ſo opt i Leitirnar, og helldur ſiœlfur vid, nær allur
Mœttur og Þol vill til Grunns gœnga, jea, nær
fleria ætlar ſo miog, ad varla er ad fiña eina Hni-
jfs Eggiar Þickt millum Lijfs og Dauda, þa ſnijr
Guds Vœgdar og Nœdar Hond þeſſu Hrooſi
aptur til rettrar Reſar. Miñ goode Jeſu! ſem
þeckir og grœdir ſoddañ Hœttu Saar; Eg trwe
ad ſoñu, enn hiœlpa þu miñi veikre Trw, og þo
mig aumañ vilie nu margt mœda, og eitt Angur
odru filgia, þa vona eg ad þijn Giœdſka muni ſnart
koma, og þeſſu Vatne i Vijn ſnwa, AMEN.

19. Capituli.

Uñ Predikun Chriſti fyrer Lœriſveinunum a Veginum.

SEG hañ ſagde til þeirra: O þer
heimſker og treger i Hiarta ad tr-
wa þvi ollu ſem Spamneñerner
hafa talad: hlaut Chriſtur ecki þetta ad
lijda og iñgœnga ſo i ſijna Dijrd? Og hñ

took

took til fra Moyse og ollum Spamenñum, eg lagde vt fyrer peim allar Ritningar, pær af honum voru.

PEgar Cleophas (sem adur er umgetid) hafde opnad og auglijst Særinn peim Himneska Læknir Jesu Christo, pa let hann eige leinge undanndragast ad giora peim til gooda. Fyrst hellir hañ par inn beisku Vijni, siñar Strossinar, og kallar pau Heimska og Trega: Pvi sañlega er sa heimskr og nærsta fauvijs, sm̃ fylgir Hollds Skinsemeñe i Trwariñar Efnum, 2. Cor. 2. v. 14. Pvi hiñ same er lijkur peim Mañe sem kveiker eitt Lioos midt i Byrtu Soolareñar, i peirre Meiningu, ad hñ siane betur til, eins sm̃ Liooseð se biartara eñ Sooliñ, sem po eckert lijser i heñar Lioose: So er og sa nærsta fauvijs, sem ecke vill trwa néma pvi einu sem lijkhamleg Augu sia, og Hendurnar apreifa, po siñast soddañ Heimskingar fleir eñ skylde, og pad meira er, ad peir vilia ecke læta ser undirvijsa, og forsma Vitskuna, Prov. 1. v. 22. Og med pvi peir akta ecke um̃ hvad Guds Ord segir peim, verda peir ad Vantrwudum Pussum, Rom. 1. v. 22. meir elskande Lijgina eñ Sañleikañ, og falla pvi opt i Orvænting; So geingur pad pm̃ sem hafa Typtun Drottens, og ei vilia ser til hñs snwa a medann Drotteñ frambijdur Naadina. Esa. 65. v. 2. Pau Ord er eg tala, pau eru Ande og pau eru Lijf, segir vor HErra: Ja minn

Gud

Gud, þau eru einaſta Huggun mijns Hiarta, og ædſta Lækning allra minna Meina, i allre Aſtrijdu mitt Lijf-Atker, ſem alldrei forgengur. Epter þvi ſama þijnu Orde, ſem er Jlmnr Lijfſins, 2. Cor. 2. v. 16. verdur þo ad œvijta þeña hardhnæckada og hreckvijsa Heim, i Tijma og O-Tijma, og þo hann trwe ecke þeirre Predikun, þa hlijtur ſw ad vera Vidleitninn, Ezech. 33. v. 2. ef ſke mætte ad honum yrde ſnwed frœa Helvijte.

Sœl mijn, forakta ecke Typtan Drottins, og lœt þer þad alldrei miſlijka, þo Guds Pioonar ſtraffe þijnar Synder, elſka þœa miklu framar fyrer þad Verk, þvi þeir vilia þar med leida þig frœa Myrkrinu til Liooſsins, frœa Diofulſins Rijki til Guds Rijkis, þvi nær þeir hafa leidt þig til Saaranna Peckingar og þeirra Tilfinningar wt af Logmœlinu, og finna þig ſlijkt hatande og hafnande Syndinni, leida þeir þig i Smyrſla-Hws Drottiñs Nœdar Fyrerheita og Jeſu Forþienuſtu, ſem þig þœa grœder, ſo þa kœtiſt Gud og haũs H. Englar, Luc. 15. v. 7. 10. Þa kœtiſt þu, þœa kœtaſt Drottins Eyrindisrekar, og aller þeir ſem œa Guds Parte ſtanda; Allt ſoddañ ſier þu her ſatt ad vera, þvi þegar Jeſus hafde ſtraffad Lœriſveinana, huggar hañ þœa ſtrax aptur, ſegiande: Hlaut Chriſtur ecke þetta ad lijda, og inngœnga ſo i ſijna Dijrd? Sem villde hañ ſegia: Þad ſem Jeſus af Nazareth hefur lidid, þad hefr hañ lidid mañlegu Kyni til Frelſunar, og þad af œliktudu Guds

Rande

Rade, sem giordest adur eñ Madurenn var skapadur, Eph. 1. v. 4. Pad er og allt fyrer-sagt þvi kunne þad ecke ad slaa Feil. Minn Sæte Herra i Engenn naudgade þer ad lijda so beiska Kvol og Pijnu, þijn Eiska og Onmrædeleg Hiarta-Giædska til Mañkynsins, ad þad fordæmdist ecke, komt þer til þessa, her fyrer gafst þu þig viliugur i soddañ Pijsler og hrædelegar Kvaler; Mijn Sal, soddañ Elsku þijns Herra lat þer alldrei gleymast, lat hana, segie eg, vera þer eina sijfellda Uppvakning ad þena med Trigd og Elsku þessum þijnum Uñusta, so og ad taka viliug hañs Kross uppa þig, sem er þer eiñ Heilsusamlegur Kaleikur, Pf. 116. v. 13. O eitt Astar-Teikn Guds! Þu kannt ecke ad fa stærre Æru her i Heime, helldur eñ ad bera Krossen epter Christo, so þu lijkist hñs Hrigdar Mynd her i Tijmanum, uppa þad þu faer epter a, hanns Dijrdar Mynd ad bera eilijflega.

Þegar nu þitt Hollð, sem alltijd gyrnest i moote Andanum, amast vid og mootþægist Krosse þijns Herra, þa þagga þad nidur med þvi ad leida þer i Hug þetta Prent.

1. Guds Rad, sem alyktad hefur, ad engenn skule a Himnum Coronast utañ sa, sñ adur hefur riettelega barist her a Jorduñe; oss byrjar, segier Postuliñ, fyrer margar hormungar inn ad ganga i Guds Rijke, Post. G. 14. v. 22.

2. Lat þer i Hug koma Jesu Epterdæme, hafi hañ lided, so mattu og lijda, ef þu skallt lijkiast

hon-

honum, forſt Elſkañ hañs til þijn, þviingade hann ad lijda fyrer þig, ſo ſkal og Elſkann þijn til hanns þvijnga þig til ad lijda og giora þad hañ þer bodid hefur, 1. Cor. 4. v. 14. ſo ad eckert fæe þig fra honum og hanns Elſku ſkiled.

3. Lat þer i Hug koma þa Epterkomande Dijrd, ſem Krosſenum filger, og Coronu Lijfſins, ſem þu ætt ad fa til Launa (efter Guds Nadar Loforde) fyrer þeſſa Hryagd ſm ſtundleg og lett er, og ecke hennar Virde. Rom. 8. v. 18 Athuger þu under Krosſens Oki grant þeſſar Ordſaker, muntu framar fagna Krosſenum eñ mootbægaſt honum, þvi þad er illt Nafn ad heita Ovinur Krosſens Chriſti, og ega ſijdañ fyrer Hondum Fordæmingareñar Æfilok: Phil. 3. v. 18. 19. Hugſa þu framar a þad, ef þer er þijn Velferd kær, ad vera ecke lijk þeim Selſkap ſem þeſſa Yfirſkrift hefur, og vit ad ſa ma her nidur ſa i Tarunum ſem þar ſkal med Fognude uppſkiera; Þvi hverneñ ſkal Gud þerra þau Tærenn ſem alldrei hafa runned, og hvernenn kunna þau ad reña hia ſiglodum Sæl-kiera þeſſa Heims, ſem hverki þecker Gud ne fiælſann ſig.

Lokſens lagde Jeſus wt fyrer þeſſum Læriſveinum allar Ritningar um hū talande: þa fæ eg beſt ad beckia þig minn Herra Jeſu, nær þitt bleſſad Ord under vijſar mer um ſia, ſem bæde gledur og giorer vijſa þa einfelldu. Pſ. 119. v. 130. Þu Bleſſada Sarons Bloomſtur, þijn Ord eru ſem

Alld.

Alldingardur, i hverium þau Allden fyretta, sem kiæta Mañsins Sœl og Hiarta, og gefa Sœlu-hiælplegañ Vijsdoom þinnar soñu Kynningar; I odrum eñ þessum Alldengarde gefst slijkt ecke. Þu ert, O Jesu! sem eitt Gull Eple i Silfur-Skœl H. Ritningar, Prov. 25. v. 11. Þad sama Edla-Hnoss er minn Fiesioodur, hvern mijn Sœl elskar, og gyrnest af Hiarta, þvi hañ enn eckert añad, er heñar einka Unun i allre Neyd og Angist; Lœttu O Jesu! þijn Ord gledia mijna mœdda Sœl i Lijfe og Dauda, og epter Daud-ann, œ þvi sijdarsta Allsheriar-Þijnge Amen.

20. Capitule.

Bœn Lœresveinaña ad Christur være hia Þeim.

EG þeir tooku ad nalgast Kaup-twned þad þeir geingu til, og hañ liet þar sem villde hñ leingra gœnga, þeir neiddu hañ og sogdu: Vert Þu Hia Oss HERRA, Þviad KVØLD-DA tekur, og œ DAGINN lijdur.

HVert Ar hefur sinn Utgœng, og hver Dagur sijna Ending, so og eiñeñ þetta auma og vesœla Lijf, þad fær og uñ sijder ad sia sijna Endalykt: mijner Dagar, med ollum Þwnga og allre Armœdu sia lokssins sitt Kvolld, œ hveriu eg fer alfarenn wr Heimenum, i Himeninn, Joh. 23. v. 4.

wr

wr Strijdenu i Sigureñ, wr Sorgiñe i Gledena, jœa, wr allre Veralldar Aſtrijdu i Hendur Drottens, Spek. 3. v. 1. Þœa er eg komeñ i þad Himneſka Emaus, til hvers minn Hugur hefur her opt hvarflad, Hiartad epterlœngad og Augun mœnt, og hvert eg nu til þeſs Tijma þrœe marga Stund, Phil. 1. v. 23. Her þyker ſumum gott ad vera, eñ Herveran laung, er laung Plœga; Her plœga Synder, her plœgar Verolld, her plœgar Dioflull og Freiſtingar, fyrer utann hvorns-daglega Mœdu, þvi einn Dagur med odrum hefur ſijna Byrde, og opter œa einum Dege ecke Eymd ein; Eñ i þvi himneſka Emaus er fengeñ full Boot allra Meina. EJA VERUM VJER ÞAR!

Þegar Lœreſveinarner nœlœgduſt Kauptwned, liet Jeſus ſem villde hañ leingra gœnga. Chriſtenn Madur, Kroſs og Hormungar eru ad ſonnu Holldenu beiſkar, þvi þœa klagar margur og ſegier: Drottenn hefur œngrad mig, ſœa hinn almœtte uge hefur hrellt mig; Ei ad ſijdur erum ver œ ſoddañ Tijmum nœlœgre þvi himneſka Kauptwne œ margañ hœtt, þvi Hiartad forbetraſt vid Hryggdena, þad ſem œdur var kalldt og dofid, verdur þœa klockt og tilſiñingarſamt, þad ſem œdur ecke ſinte uñ Drotteñ, þad leitar þœa Drotteñs: Eñ þad er Hormungeñ meſt, þegar Drotteñ ſyneſt ad lœta þœa, ſem vilie hañ forlœta eiñ Kroſs-Berara, ſo hañ hlijtur ad klaga med Job oa ſegia: Þu ert mer nu uñſnwenn til eins, ſem er hrœdelegur og

aud-

audsyner þijna Reide a mer, med þeim Styrkleikunum þinar Handar, Job. 30. v. 4. So og med David segiande: Þvi gengur þu so fiarlægt, og geymer þig a Hormungar-Tijmanum. Ps. 10. v. 1. Somuleides med Jeremia, ad Drottenn hegde ser sem Giestur og framande, Jer. 14. v 8. Thren. 3. v. 3. Og snwe Hendeñe i moote ser: Eiñ uñ soddañ Guds Vidhondlan vid sijna, skyniar Mañ ecke alltijd, og kemur þvi ecke fyrer sig i Hormunguñe hvad soddañ hafi ad þijda, helldur verdur opt opolenmoodur; Eñ Drotteñs Tilgangur i þessu er sa, ad þessara Trw retteleg og miklu dijrmætare fundeñ verde helldur eñ forgeingelegt Gull sm i Elde er reynt, til Lofs, Dijrdar og Heidurs, nær Jesus mun opiñberast, 1. Pet. 1. v. 2. Alijka er þetta, Guds Barn, og nær goodur Vinur sijner sig afundeñ vid þañ sem hañ elskar þo heitt, eñ ætlar honum i Huga sijnum mikla Upphefd og Æru epter a seirna. Samt man þvi ecke neita, ad þessar Raunir seu særar og all-vid kvæmar medañ þær yfirstanda, og hitte þær bia, er audmiwkrar Bænar Plæstur hin besta Lækning vid þessu Sare, sem Dæmeñ i morg sijna, bæde þetta Læresveinanna og fleyre, hun afrekar alltijd hia Drottne uñ sijder einhverja Linun og Lækning, hverrar þu skallt bidiande bijda Poleñmoodur; Skoda þu Dæmed a þeirre Canverskv Konu, Matth. 15. v 22. seq. Sem er eitt hid liosasta her uppa: So og Eckiuñar, hverrar Bænar-Raun-

an kom uñ ſijder þeim rœnglœta Doomara œ Stad til ad hiœlpa heñe, hvar yfir Jeſus giorer ſoddañ Alyktan og ſeger: Skyllde Gud þœ ecke giora Frelſun ſiña Utvalldra, ſem Noott og Dag til hñs kalla, eñ þo hañ hafe Poleñmœde þar yfir? Luc. 18. v. 7. Þetta er nu þad Ofrijke, ſem Chriſtur ſeger ad Himnarijke þole, og þeir ſñ Ofrijked giore, þeir hreñe þad til ſijn med Makt. Matth. 11. v. 12. Jœ, gudhrœddra Bœner giora ſiœlfum Gude þetta Ofrijke, hvert hañ giarnañ lijdur. Þo enn Fader vœre hardhiartadur, þœ nœtte hañ þo frida ſig ef Borneñ umkrijngde hañ og grete; Þvi munu þœ ecke Guds Barna Tœr vinna œ Myſkunar-Hiarta Guds, ſo hañ heyre og bœnheyre, ſem giorer hvad þeir gudhrœddu gyrnaſt, heyrer þeirra Andvarp og hiœlpar þem, Pſ. 145. v. 19. Eg er viſs uppœ, ad alldrei miſlijkar þer þad, Drotteñ miñ, þo eg med Bœneñe neyde þig, og hallde mer ad þer, þvi vil eg alltijd giora þad, og mœ alldrei miſſa þig; Miſſe eg þig, þœ miſſe eg Lijfed og allt gott; Eg er nu opt hvngradur epter þvi, ad fœ ad eignaſt þig ad fullu leite, Pſ. 42. v. 3. Og ſvo Dvol eykur ſtundum Hiartanu Trega; Og hvad munde þad þœ vilia verda, ſkyllda eg midt i þeſſu miſſa þijna andlega Nœlœgd, og ſiœ þijn œ Bak; O Jeſu! Lœt þad ecke ſke, vert þu mijn Huggun i Hryggdeñe, mitt Lioos i Myrkrenu, miju Hiœlp i Neydeñe, þœngad til þu ert allt i ollum. Eg kañ ecke med mijnum Poña, ecke med Twnguñe, og ecke

i Hug

i Huganum upptelia allar þær stooru Naudsyniar sem oss þrijsta mega til ad bidia Jesum hiia oss ad vera, og hvad mun eg fœvijs þad kuña, sem eg helld ad engeñ gete fullkomlega; Eñ þad veit eg sem aller mega vita, ad kvolldar nu æred miog a marga Vegu i þessum hætta Heime, Jer. 6. v. 4. Og fyrer utañ oñur hañs Kvolld-Rockurs Vitne, eru allar Stietter i hverium hriggelega kvolldar; Þad gorer morgum Guds Bornum Hræddslu og Hiartans Angur; Þad er allt vel þo lijde a þeñan Veralldar-Vetur, þvi fagna Guds Born, og þeir aller a medal þeirra, sem von-goder ordner eru uñ snart-lideñ Hormunga Vetur siñar Hervistar med Simeone; Eñ hitt er Hormung ad vita, hversu allre Dygd og Dœdum kvolldar i ollum Stiettum. I þeirre andlegu kvoldar hreiñe Keñingu Guds Orda, eñ Fals-Lærdoomur og Villur hafa vijda Yfirhond, so alldrei veit nær ad Jesus er olldunges wtrekeñ; Og þo hañ se eñ a Twnguñe, og hañs hreirn Lærdoomur, drottnar ei ad sijdur Rœnglæted, sñ ei kañ ad foreinast vid þetta Lioos, utañ añadhvert se reyndar hatad. I þessare Stiett syneſt Bwksorgeñ opt wtreka Gudhræsluna, og trwa Astunda an Embættes Verksins; Agyrndeñ teingest so vid þessa sijna Syster, Luc. 16. v. 14. Matth. 23 v. 14. Ad Rettvijse og Myskunar-Verkum verdur gleymt; Hræsneñ samlagar sig opt þessum, er sig auglijser i Talenu vid Stoor-Meñeñ, hverium spand-

verdur Sigur-For nœlega i hverju Verke og Athofn ſem Achab fordum; Her vid bæteſt Stroffunarleyſe Syndaña, Ezech. 33.v.8. ſem nu hefur Hoogvœrdar Nafn œ þeſſu Kvollde. Soddann og fleyre Odygder, ſem nu fara i Vext, ſkarta ſtoor illa œ ollum, eñ þo verſt œ þeim ſem lijſa eiga odrum, bœde med Lœrdoome og Lijferne i þeſſu Nockre, og af hverium, nœr Dageñ til fulls byrter, heimtur verdur Reikningur Sœlnaña. I þeirre veralldlegu Stiett kvolldar eiñeñ ſtoorlega, þvi fyrer utañ þad, ad hver Unglingureñ hleipur uñ añañ þverañ i þetta Sœte, og ſoddañ Zoans Hofdingiar, Eſ. 19.v.11. Fœcka nu ecke, hvar fyrer Logeñ verda œ Eyrunum dreigeñ; Þœ hafa nu Mwtur og Fe-Gisllð eitt ſtoort Geuge, hveriar Ogudleger Meñ þiggia, og begia ſo Veg Rettarens, Ordsk. 17.v.23. Eſ. 1. v. 23. Þeſſa mœ ſœ aume og fœtœke giallda, eñ til hins rijka er ſagt: Ydar Þenare, fared i Fride. Þer Guds Foolks Doomendur! Vareſt ſoddañ, otteſt Drotteñ og vijked fron illu, ad ei verded ſiœlfer ſijdar i Reidœmder, þvi lijka hafed þer Reiknings ad vœnta.

I Hwsſtioornar-Stietteñe kvolldar og, þvi þar rijker Aſmodeus, Hatur og Ulfbwd medal ſumra Hioona, þar ſiœſt Aga-laus Born, med illra Forelldra Uñmerkium, og œ þeim Akre eru margar Netlur og Þyrnar, Prov. 24.v.3. Laſtaña, ſem giorer Hiartans Angur. Þar mœ ſiœ œ ſumum Hiwum Krans Odygdaña, Svik,

Ohlijd,

Ohlijdne, Agyrne, Ulfbwd, Drambſeme, og adſkilianleg Illſku-Por, ſem nu gænga Fiollum hærra. Og hvor kañ i ſtuttu Mæle ad upptelia allar þær Svijvirdingar ſiñ nu eru i fullum Proſka a þeſſu Kvollde Veralldareñar. A Sodomæ Borgar Kvollde lifde hun i hrædelegum Skoñum, ſem hroopudu i Himeneñ, hun foorſt og i Drotteñs Reide-Ellde; Eñ hvad nu Illſku Kvolld-Verkum Heimſins (og a medal añars þeſſa Lands) epterfylger, veit Gud, hver lenge hefur boleñmoodlega beded, og eñ bijdur epter Boot. Gud giæfe ad Meñ villdu þeckia ſijna Vondſku! Enn hvad ſkedur? Þeir þurka Munneñ med Hoor-Konuñe og ſegia: Eg hefe eckert illa giort, fyrer þvi mun þar verda eiñ vondur Tijme. A Kvolldenn geingur Sooleñ under: Eñ, O Jeſu! Þu bleſſada Sool Rettlæteſins, haf Poleñmæde, gack oſs ecke under, helldur lijs hverre Stiett, ſo hver eiñ i ſijnu Embætte betre ſig og lære rett ad giora, ſnwþu oſs, ſo er oſs ſnwed, lækna þu oſs, ſo verdum ver heilbrigder; Eñ þu hugleid, O Madur, ad Kvollde þijns Lijfs, ſem kemur uñ ſiider, og vert ecke vid þvi varbweñ, þu veitſt ecke nema þetta Kvolld verde þitt hid ſijdarſta Kvolld. O Jeſu! Eg þræe ſem Þiooneñ, epter þeſſu miña Lijfdaga Kvollde, yfergef þu mig alldrei, helldur vert þu mer naalægur med þijnu Hiælpræde i Lijfe og Dauda, AMEN.

21. Capitule.

Uñ Peckingu Læreſveinaña ai Chriſto i Geſta-Herbergenu, og Apturſnuning til Jeruſalem.

HAnn geck inn og var hiar þeim. Og þad ſkede þa hañ ſat med þñ til Bords, ad hañ took Brauded, bleſſade þad og braut, og riette ad þeim; Þa opnuduſt þeirra Augu ſo ad þeir þeckte hañ, og hañ hvarf fra þeirra Augum. Og þeir ſogdu ſijn ai mille: Brañ ecke ockar Hiarta i ockur þa hañ talade vid ockur ai Vegenum, og opnade ſyrer ockur Ritningarnar? Og þeir ſtoodu upp ai ſomu Stundu, og ſneru aptur til Jeruſalem, og fundu þa Elleſu ſamañ ſafnada, og þa ſem med þeim voru, hverier ed ſogdu: Drotteñ er ſañarlega upprijeñ og hefur byrſt Simoni; Og þeir ſogdu hvad giorſt hefde ai Veginum, og hverneñ þeir hefdu þeckt hañ i þvi hañ braut Brauded.

ÞO ad ſa almattuge Gud ſe i Raun og Sañleika eiñ oſigrande Herra, og Oyfirviñanlegur Gud, þa verdur hañ þo ſigradur med Bæn

eins

eins syndugs Manns, sem morg sanferdug Dæme sanna. Nær þeir heidnu villdu Godum sijnum hiia ser hallda, giordu þeir ser Gullvidiur og bundu þau med; Eñ so skalltu ecke heimskulega iunynda þer Almætte DRottens: Þviad eins kañt þu honum hiia þer hallda, ad þu brwker þar til trwada Bæn yduglega. Eg veit og twve, Herra Jesu, ad eg er innlæstur i þijn blessud Myskunar Ydur, i hverium þu hefur vitiad og funded mig, eg trwe og ad engeñ Hanske, Neyd edur Sverd kañ mig ad slijta wr þiñe Hende, og alldrei yfergefur þu mig: Þegar eg hefe til þijn kallad i mijnum Bænum, þa hefur þu alltijd gegnt og hialpad mer, mig mun og her epter ecke helldur neitt gott bresta af þinne Hende; Þvi þu ert Styrkleikur Lijtilmægnanis, Styrkleikur hins vesæla i Hormungunne, eitt Skiool fyrer Stoormvidrenu, og einn Skugge fyrer Of-Hitanum, nær ed Vijkingureñ olmast, so sem eitt Hretvidre ea moote einum Vegg. Esa. 25. v. 4. Jea, mijn Bæn til þijn i Neydeñe bindur þig betur hiia mer enn nockur Gull-Vidia, þvi Bæn hins fatæka heyrer þu giarnañ, og eangradañ Anda fyrerlijtur þu ecke: Herrañ blessade her og braut Brauded, og feck þad Læresveinunum. Þetta var ein almenneleg Maltijd, þvi ecke er her (ad mijnu Vite) neitt talad uñ Sacramented, og ber slijkt ollum vel ad hugleida nær þeir medtaka Guds Gæfur edur Fædslu sijns Lijkhama, þvi allt vort Upphellde

þiggium ver af Myſkunar Hende Guds, hverre hañ upplijkur, og ſedur allar lifande Skepnur med ſinne Bleſſan. :. Pſal. 145. v. 15. Þvi ſkal og ſerhver, fyrer audmiwka Packlætes Hond, retta ſlijkar Gœfur Guds i Jeſu Hond, eñ gleipa ecke Brauded ſem gijrugur Hundur, helldur med Bœn og Bleſſan medtaka þœr Fœdu, ſem Lijkhamañ ſkal ſedia og endurnœra; Þu ſkallt og, hver ſem þu ert, vakta þig, ad ſnara ecke dreiſſuglega frœ þer, ne under Fœtur, þeim ſmœu Braud-Molum, hvar med Skaparenn verdur foraktadur, enn þvi Forakte fylger œ epter Hwngur og Olucka. Hondla þvi alltijd vel med Guds Gœfur, og nær þu ert miettur; prijſa hann, ſo munt þu ei Skort hafa œ hanns Hiœlp; Vert ei Svijnunum lijkur, er þau nidurfallande Eple af Eikunum upptijna, eñ til Treſins reña þau ecke Augunum; Þeim Svijnum er þo ſœ Madur lijkur ſem þyggur og þackar ecke: Soddañ Svijna og Hunda Art fordaſt þu. Medtaker þu nu Gœfur Guds, ſem þer er ſagt, og afler þu þeirra i Sveita þijns Andlites, froomlega i þiñe Stiett, þœ retter Jeſus ad þer og brijtur þer þad Braud, ſem hañ vill bleſſa; Eñ hver ſem ſtelur, ruplar og rœner Braudenu wr añarra Hende, hañ mœ med reettu ſegiaſt ad medtaka ſoddañ Braud wr Satans Hende, hveriu ad fylger Bolvan eñ ecke Bleſſan. Herrañ hafde nu ecke Þorf þeſſarar Maaltijdar, og ei hyrdte hañ uñ hana; Þu ſkallt þo biooda þijnum Herra til

Bords

